

Alþingi
Erindi nr. P 138/683
komudagur 11.12.2009

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8—10

150 Reykjavík

10. desember 2009


Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila um 228. mál á 138. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila veitti í sumar lögum samkvæmt álit til FME og ráðherra á áætluðu rekstrarumfangi og rekstrarkostnaði FME fyrir árið 2010 og fylgir það álit með frumvarpi ráðherra. Samráðsnefndin ítrekar það sem þar kemur fram. Sérstaklega er áréttað það álit að kostnaður vegna bankahrunsins og málum því tengdu eigi að greiðast af hinum föllnu fyrirtækjum eða ríkissjóði. Hið hefðbundna eftirlit greiðist aftur af starfandi aðilum en skipting kostnaðar milli aðila eigi að miðast sem mest við tímaskiptingu FME niður á mál og málaflokka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir all nokkurri hækkun á eftirlitsgjaldinu og rekstrarkostnaði FME. FME hefur nú lagt fram endurmat áætlaðs rekstrarkostnaðar. Það hefur FME gert án samráðs við nefndina.

Í endurmati sínu gerir FME ráð fyrir verulegri hækkun rekstrarkostnaðar og eftirlitsgjaldsins. Samráðsnefndin telur það miður að FME hafi ekki haft það samráð sem æskilegt er við gerð þessa endurmats. Samráðsnefndin sýnir því skilning að fjárþörf FME hafi vaxið frá fyrri árum við núverandi aðstæður, en jafnframt er afar mikilvægt að eftirlitið sýni aðhald og ráðdeild í öllum rekstri. Sú hækkun sem kemur fram í endurmati FME er það mikil að samráðsnefndin telur að eftirlitsskyldir aðilar hljóti að gera athugasemd við hana. Þá verður að hafa í huga að fjármálaumhverfið á Íslandi og starfsemi margra eftirlitsskyldra aðila hefur einfaldast frá síðustu árum og ætti efling FME að taka mið af því. Nefndin hefur ávalt lagt áherslu á að FME nýti heimildir sínar til að ráða sérfræðinga í tímabundin störf sem gæti hentað í því álagi sem nú hvílir á eftirlitinu.

Virðingarfyllst



f.h. samráðsnefndar

Stefán Árni Auðólfsson hdl.